



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 6.6.2018  
Tilvísun: 201805-0022

### **Efni: Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga, 622. mál**

Alþýðusamband Íslands fagnar því að umrætt frumvarp sé nú á lokastigum. Vart þarf að fara mörgum orðum um tilefni lagasetningarinnar en friðhelgi einkalífs einstaklinga og persónufrelsi hefur átt talsvert undir högg að sækja á undanförunum árum samhliða hröðum vexti fyrirtækja um allan heim sem hagnýta sér slíkar upplýsingar í atvinnuskyni. Festa þarf í sessi þá meginreglu að persónuupplýsingar eru á forræði og eign viðkomandi einstaklinga og GDPR og þar með það lagafrumvarp sem hér um ræðir styrkir þá stöðu. Í samhengi við framangreint þarf að fylgja lagasetningunni með því að tryggja örugga og góða framkvæmd á reglum m.a. með því að styðja við Persónuvernd og tryggja að svigrúm sé þar til að útbúa greinargóðar og aðgengilegar leiðbeiningar og fræðsluefni fyrir almenning.

Hvað varðar efni frumvarpsins þá telur ASÍ að það hefði verið æskilegt að nýta heimild 88. gr. GDPR varðandi það að setja skýrari reglur um þau atriði sem geta komið upp varðandi vinnslu í vinnuréttarlegu samhengi í tengslum við þá innleiðingu sem nú fer fram. Vinnsla þar hefur verið talin geta grundvallast á samþykki viðkomandi einstaklinga en ASÍ hefur löngum bent á að draga megj verulega efa raunverulegan möguleika starfsfólks í ráðningarsambandi til að gefa sannanlegt og óþvingað samþykki fyrir t.d. lífsýnatöku í tengslum við vímuefnapróf og það sama má í raun segja um rafræna vöktun almennt. Veruleg brögð hafa verið á því að meðalhóf sé almennt virt í þeim efnum. Nýlegir dómur Hæstaréttar, nánar tiltekið í málum nr. 695/2014 og 130/2015, hafa með engu stuðlað að því að aðstöðumunur aðila í vinnuréttarsambandi sé leiðréttur þegar kemur að samþykki. Tilvísuð 88. gr. GDPR gerir reyndar ráð fyrir því að hægt sé að semja um hinar vinnuréttarlegu hliðar vinnslu á persónuupplýsingum sem og almennt álit Persónuverndar nr. 2013/315 gerir jafnframt ráð fyrir því að það sé æskilegt. Afstaða ASÍ



hvað það varðar er hins vegar sú að um sé að ræða grundvallarrétt einstaklinga sem varinn sé í stjórnarskrá og því sé æskilegra að löggjafinn mæli fyrir um sanngjarna og vandaða framkvæmd fremur en að efni kjarasamninga sé farið að snúast um ráðstöfun á inngripum í grundvallarréttindi einstaklinga. Nágrannar okkar í Finnlandi hafa frá árinu 2004 haft sérstök lög um vímuefnaprófun á vinnustað sem ASÍ hefur litið til sem fyrirmyndarlöggjafar í þeim efnum.

Virðingarfyllt,  
  
Halldór Oddsson,  
Lögfræðingur hjá ASÍ.  
[halldoro@asi.is](mailto:halldoro@asi.is) / s. 5355600